

**Sp.**

### **38. Tillaga til þingsályktunar**

[38. mál]

um samningu nýrrar þjóðhagsáætlunar fyrir árin 1964—1968.

Flm.: Helgi Bergs, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Skúli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu í sameinuðu þingi 5 manna nefnd til að semja nýja þjóðhagsáætlun til næstu fimm ára.

Áætlunin skal miðuð við örari hagvöxt og meiri framleiðniaukningu í atvinnuvegunum en áætlun sú, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi í aprilmánuði 1963.

Nefndin skal í starfi sínu njóta aðstoðar Efnahagsstofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir þörfum. Hún skal ljúka störfum svo snemma, að hún geti lagt niðurstöður sínar fyrir Alþingi það, sem nú situr.

#### **Greinargerð.**

Samkvæmt skýrslum Efnahagsstofnunarinnar og Framkvæmdabankans, sem birtar eru með þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar, hefur þjóðarframleiðsla Íslendinga vaxið á tímabilinu 1954—1962 um að meðaltali 4.1% á ári. Vegna fólksfjölgunarinnar svarar þessi aukning þjóðarframleiðslu til um 2% aukningar á mann á ári. Þetta er minni aukning en í flestum eða öllum löndum Vestur-Evrópu. Til samanburðar má geta þess, að á tímabilinu 1955—1960 óx þjóðarframleiðsla Þýskalands og Austurríkis um rúmlega 4% á mann á ári, í Danmörku, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg og Noregi um 3—4%, í Hollandi og Svíþjóð um tæp 3%, en aðeins Belgía og Bretland fylla sama flokk og Ísland með rúm 2%, en einmitt þessi tvö lönd hafa átt í sérstökum erfiðleikum, m. a. vegna þess, að þau hafa áður byggt efnahagslíf sitt að nokkru leyti á nýlendum, sem nú hafa fengið sjálfstæði, en þeirra eigin lönd eru þéttbýl og auðlindir að mestu fullnýttar.

Það hefur auðveldað okkur Íslendingum að una þessari rýru framleiðsluaukningu, að viðskiptakjörin við umheiminn hafa farið verulega batnandi á þessu tímabili, svo að þjóðartekjurnar hafa vaxið meira en framleiðslan eða um 4.6%.

Í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar um tímabilið 1963—1966, sem lögð var fyrir Alþingi 16. apríl s. l., er gert ráð fyrir 4% aukningu þjóðarframleiðslu, og þar sem óvarlegt er að gera ráð fyrir sibatnandi viðskiptakjörum út á við, má ekki gera ráð fyrir, að þjóðartekjur aukist nema að sama skapi, um 4%. Þannig gerir áætlun ríkisstjórnarinnar ráð fyrir, að vöxtur þjóðarteknanna verði 13% hægari en verið hefur undanfarinn áratug.

Hér á landi gera nú fleiri og fleiri sér ljóst, að með óbreyttum þjóðartekjum getur ein stétt ekki bætt kjör sín nema á kostnað annarrar. Aðeins með því að auka framleiðslu sína og þar með þjóðartekjur getur þjóðin sem heild bætt kjör sín. Í stað kjarabaráttunnar, sem hefur eytt kröftum þjóðarinnar um of á undanförunum árum, verður hún nú að einbeita kröftum sínum fyrst og fremst að því að koma til leiðar sem örustum hagvexti hér á landi.

Á næstu árum verður væntanlega meiri fjölgun starfandi fólks í landinu en áður hefur verið. Hinir fjölmennu árgangar eftirstriðsáranna eru nú að byrja að ná fullum starfsaldri. Þessi staðreynd gerir nauðsyn aukins hagvaxtar enn ríkari, en

um leið skapar þessi auking vinnuaflsins líka skilyrði fyrir því, að hærra mark náist í þessum eignum.

Þróun framleiðslunnar og efnahagsmála yfirleitt veltur ekki nema að nokkru leyti — og eftir því sem tækninni fleygir fram að síminnkandi leyti — á náttúruöflunum og öðrum aðstæðum, sem við ráðum ekki við. Að mestu leyti er hún árgangur þeirrar efnahagsmálastefnu, sem fylgt er á hverjum tíma. Þess vegna má ekki líta á þjóðhagsáætlun eins og spádóm eða útreikning á því, hvernig málin muni þróast, eins og t. d. veðurspá, heldur verður þjóðhagsáætlun að fela í sér það markmið, sem stefnt er að, og alhliða könnun á því, hvernig öllum þáttum efnahagslífsins skuli beitt, til þess að þróunin beinist inn á þá braut, sem að markinu liggur. Á þann hátt einan verður þjóðhagsáætlun „þýðingarmikið hjálpartæki við stjórn efnahagsmála“, eins og réttilega segir í áætlun ríkisstjórnarinnar að slíkar áætlanir eigi að vera.

Það er skoðun flm., að það mark, sem ríkisstjórnin setur um hagvöxt á næstu árum, sé of lágt sett og að það sé þjóðinni mikil nauðsyn, að markið verði hækkað og stjórn efnahagsmála við það miðuð, að hærra mark náist. Leiðir það beinlínis af þeim samamburði við nágrannalöndin, sem getið er hér að framan, að verði hagvöxturinn ekki aukinn verulega, hljótum við að dragast aftur úr öðrum þjóðum í stað þess að vinna á. Þess vegna er hér lagt til, að samin verði ný þjóðhagsáætlun, sem geri ráð fyrir meiri aukningu þjóðarframleiðslunnar en áætlun ríkisstjórnarinnar gerir. Þó að fráleitt sé að gera ráð fyrir minni vexti en hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar á sviði atvinnuuppbyggingar, getur það að sjálfsögðu alltaf verið álitamál, hversu mikið á að gera ráð fyrir að auka hagvöxtinn, þar sem slíkur aukning hefur væntanlega í för með sér einhverjar fórnir fyrir þjóðina, t. d. í formi neyztutakmörkunar. Af þessum ástæðum hafa flm. ekki talið rétt að setja inn í þessa tillögu ákveðna tölu um þann hagvöxt, sem stefnt skuli að, og er lagt á vald þeirrar nefndar, sem kjörin verður, að ákveða þetta.

Þar sem slíkur áætlun á að marka stefnu í efnahags- og atvinnumálum, þykir eðlilegt, að Alþingi hafi hönd í bagga um samningu hennar, og er því gert ráð fyrir, að það kjósi nefnd til þess að sjá um þetta verk. Sérfræðileg aðstoð mundi veitt nefndinni af þeim opinberu stofnunum, sem til þess hafa skilyrði, og þær mundu einnig annast nauðsynlegar skýrslugerðir o. þ. h.

Gert er ráð fyrir, að nefndin geti lokið störfum fyrir þingslit. Vonir standa til, að svo naumur tími nægi, vegna þess að mjög ýtarleg undirbúningsvinna hefur þegar verið leyst af hendi af innlendum og erlendum sérfræðingum, og má því gera ráð fyrir, að nauðsynleg gögn og skýrslur séu fyrir hendi að mestu leyti.

Þegar nefndin hefur skilað störfum og lagt áætlun sína fyrir Alþingi, mun það væntanlega taka afstöðu til hennar, og fallist það á hana, lætur það væntanlega gera framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar og markar að öðru leyti þá efnahagsstefnu, sem fylgt skuli á umræddu 5 ára tímabili.